

Nd.

98. Nefndarátt

um frv. til laga um nýja embættaskipun.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi orðið sammála að öllu leyti um þetta mál. Öll nefndin litur að sönnu svo á, að flestar þær embættasameiningar, sem frv. gerir ráð fyrir, sjeu svo miklum annmörkum bundnar og eigi svo mikið við þær unnið, að rjett sje að samþykkja þær. Minni hluti nefndarinnar telur að sameina megi Dala- og Strandasýslu og Rangárvalla- og Skaftafellssýslur, en lengra telur hann sjer ekki fært að ganga. Meiri hlutinn litur aftur á móti svo á, að um sameiningu Rangárvalla- og Skaftafellssýslna sje hið sama að athuga og hinar sýslusamsteypurnar, er stjórnin hefir stungið upp á. Sjerstaklega má um þessar sýslur benda á hina gifurlegu vegalengd, sem yrði milli sýslutakmarkanna, og hinar mörgu ár, sem á þessu svæði eru. Um Dala- og Stranda-

sýsla líta 4 af 5 nefndarmönnunum svo á, að þær sjeu vel fallnar til sameiningar, en meiri hlutinn hefir þó ekki sjeð ástæðu til að taka þessar sýslur út úr nú, vegna þess, að alls engar líkur eru til þess, að þær losni fyrst um sinn. Hinu sama og sameiningu má ná sjálfsagt með því að skora á stjórnina að veita hvorugt þessara embætta er þau losna næst, og hefir meðundirritaður framsögumaður meiri hlutans áskilið sjer að koma með þingsályktunartill. í þá átt. Ef Alþingi vill sameina þessar sýslur, er þær losna næst, er engu spilt að því er fjársparnað snertir, ef að eins er sett í embættið eða embættin, þar til næsta þing hefir látið uppi álit sitt um hvort sameining skuli fara fram eða eigi.

Rök meiri og minni hlutans gegn hinum öðrum sameiningum frv. eru hin sömu. Líta þeir svo á, að það sje alveg rangt að fækka sýslumönnunum eins og frv. ráðgerir, bæði vegna almennings og hagsmuna hins opinbera. Störf þessara embættismanna verður að vinna, og það er yfirleitt ekkert, sem bendir í þá átt, að af frv. verði svo mikill sparnaður, að hann vegi upp á móti óþægindum þeim og kostnaði, sem almennungi er bakað með samsteypunum. Það mundi verða óhjákvæmilegt, eins og líka er víkið að í atugasemdunum við frv., að auka skrifstofufje sýslumanna, því að þeir hljóta að þurfa aukna starfskrafta. Við samsteypurnar getur því eigi unnist annað en launamismunur sýslumannanna og aðstoðarmanna þeirra, nema gengið sje út frá, að sýslumenn hafi eigi nægileg störf eins og nú er, en það mun eigi verða álitid, þar sem þeim er ætlað töluvert skrifstofufje eins og nú er. Lægi þá nær að minka það en sameina embættin.

Nokkrum störfum er að sönnu ætlast til að ljett verði af sýslumönnunum, ef samsteypurnar ganga fram, en þau störf munu alls ekki vega meira en sá tímamissir, sem lengri ferðalög valda.

Með tilvísun til þessa leyfir meiri hlutinn sjer að leggja það til við háttv. deild, að hún felli frv.

Alþingi, 10. mars 1923.

Magnús Guðmundsson,
framsögum.

Gunnar Sigurðsson.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari.